



Kári Hreinsson

svæfinga- og
gjörgæslulæknir
karih@landspitali.is

Frá formanni SGLÍ

Svæfinga- og gjörgæslulæknafélag Íslands var stofnað 10. nóvember 1960. Félagið hét í fyrstu Félag svæfingalækna og voru stofnfélagar þess 5, þrjár sérfræðimenntaðir svæfingalæknar og tveir aðstoðarlæknar á svæfingadeild Landspítalans. Fyrsti formaður félagsins var Valtýr Bjarnason (1920-1983) sem var fyrsti yfirlæknir svæfingadeildar Landspítalans. Félagið varð Svæfingalæknafélag Íslands 1970 og loks Svæfinga- og gjörgæslulæknafélag Íslands 1997. Félagsmenn eru í dag um 60 talsins. Um bæði sögu svæfinga á Íslandi og sögu Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands má lesa í bók Jóns Sigurðssonar svæfinga- og gjörgæslulæknis, *Svæfingar á Íslandi í 150 ár (1856 - 2006)*, sem gefin var út á 50 ára afmæli félagsins árið 2010. Upplag bókarinnar er á þrotum en nálgast má bókina á rafrænu formi á bókasafni Landspítalans.

Slóðin er: hirsla.lsh.is/lsh/handle/2336/118529

Norræn samtök svæfingalækna, Nordisk Anestesiologisk Forening (NAF), voru stofnuð 1949. Samtökin heita í dag Scandinavian Society of Anaesthesiology and Intensive Care Medicine, SSAI. Íslendingar hafa allt frá stofnun samtakanna verið virkir í norræna samstarfinu sem hefur vaxið og dafnað í tímans rás. Starfsemi SSAI er umfangsmikil og með tilliti til stærðar íslenska félagsins situr stór hópur íslenskra svæfinga- og gjörgæslulækna í margs konar nefndum á vegum samtakanna. *Acta Anaesthesiologica Scandinavica* er blað SSAI og hefur verið gefið út síðan 1957.

SSAI stendur fyrir tveggja ára framhaldsnámi í nokkrum undirsérgreinum svæfinga- og gjörgæslulækninga. Fyrsta framhaldsnámið sem skipulagt var voru gjörgæslulækningar en síðan hafa bæst við sérhæfðar verkjalækningar, svæfinga- og gjörgæslulækningar barna, bráðameðferð

utan sjúkrahúsa, svæfingar og gjörgæslu-meðferð þungaðra kvenna, svæfingar og gjörgæslu-meðferð sjúklinga með hjartasjúkdóma og stjórnun aðgerðatengdrar starfsemi. Margir íslenskir svæfinga- og gjörgæslulæknar hafa sótt sér þessa framhaldsmenntun.

Eitt meginverkefna SSAI og aðildarfélaga þess er að halda alþjóðleg vísindafundur á tveggja ára fresti. Þrítugasta og þriðja þing SSAI var haldið í Reykjavík í júní 2016 af Svæfinga- og gjörgæslulæknafélagi Íslands og tókst það vel í alla staði.

Á Íslandi eins og víða annars staðar eru svæfinga- og gjörgæslulækningar stærsta sjúkrahúsbundna sérgreinin í stöðum sérfræðinga talið og helgast það af eðli starfseminnar. Veikustu sjúklingar sjúkrahúsa liggja á gjörgæsludeildum, þegar og þar sem það á við, vegna líffærabílana eða eftir stórar skurðaðgerðir. Þeir þurfa endurskoðun á sinni meðferð oft á sólarhring og því er viðvera lækna mikil á gjörgæsludeildum. Sama á við í svæfingum, stöðuga viðveru lækna þarf til þess að geta brugðist við fylgikvillum bæði svæfinga og deyfinga og þess inngríps sem verið er að framkvæma. Þá er ótalið að kunnátta svæfinga- og gjörgæslulækna nýtist oft vel í meðferð bráðveikra og slasaðra sjúklinga, til dæmis á bráðamóttökum og hjartaþræðingarstofum og einnig í utanspítala-meðferð og sjúkraflutningum. Síðast en ekki síst er sérhæfð verkjameðferð hluti af vinnu margra svæfinga- og gjörgæslulækna og er sá hluti starfseminnar enn vaxandi hér á landi, enda þörfin mikil.

Svæfinga- og gjörgæslulækningar eru stór sérgrein sem þarf stöðuga mikla nýliðun. Við höfum átt því láni að fagna að fagið hefur verið vinsælt meðal yngri lækna en þörfin fyrir svæfinga- og gjörgæslulækna er vaxandi, að minnsta kosti innan sjúkrahúsanna vegna til dæmis aukinna verkefna utan skurðstofa og

þyngri starfsemi vegna eldri og veikari sjúklinga.

Það eru spennandi tímar framundan varðandi kennslu og þjálfun svæfinga- og gjörgæslulækna á Íslandi. Hafinn er undirbúningur að sérnámi í svæfinga- og gjörgæslulækningum í samvinnu við Royal College of Anaesthetists í Bretlandi. Er þar siglt í kjölfar lyflækningasviðs Landspítalans sem hefur nú um nokkurra ára skeið boðið upp á sérnám í almennum lyflækningum í samvinnu við Royal College of Physicians í Bretlandi.

Boðið verður upp á tveggja til þriggja ára námsstöður í samvinnu við bæði lyflækningasvið og bráðalækningahluta flæðisviðs. Annars vegar verður boðið upp á tveggja ára grunnnám í svæfinga- og gjörgæslulækningum og hins vegar tveggja ára nám sem samanstendur af einu ári í svæfinga- og gjörgæslulækningum, hálfu ári í bráðalækningum og hálfu ári í bráðalyflækningum. Blandaða grunnsérnámið kalla Bretar „Acute Care Common Stem“ og er það hugsað sem kynning allra þessara sérgreina í bráðþjónustu fyrir þá sem ekki hafa valið sér framtíðarstarfsvettvang, nám sem kemur viðkomandi að gagni í nánast hvaða sérgrein sem er. Þriggja ára nám yrði þá blandaða grunnsérnámið og viðbótarár í svæfinga- og gjörgæslulækningum.

Hvort sem læknar ljúka tveggja ára námi og þjálfun í svæfinga- og gjörgæslulækningum eða svæfinga og gjörgæslulækningum með bráðalækninga- og bráðlyflækningaþjálfun að auki, verða þeir vel í stakk búnir til að ljúka framhaldsnámi sínu erlendis. Það verður spennandi og gaman að sjá þau jákvæðu áhrif sem þetta sameiginlega nám mun hafa á samvinnu þeirra deilda Landspítalans sem sinna alvarlega veikum sjúklingum.